



**48. fundur Heimastjórnar Djúpavogs
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 4. apríl 2024
og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Ingi Ragnarsson aðalmaður, Oddný Anna Björnsdóttir aðalmaður, Ívar Karl Hafliðason varaformaður og Eiður Ragnarsson fulltrúi sveitarstjóra.

Fundargerð ritaði: Eiður Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjóra

Dagskrá:

1. 202311317 - Fjöldahjálparstöð á Djúpavogi

Heimastjórn samþykkir fyrir sitt leyti færslu á fjöldarhjálparstöð RKÍ úr grunnskólanum yfir í Íþróttamiðstöð.

Samþykkt samhljóða.

2. 202402192 - Fiskeldissjóður, umsóknir 2024

Heimastjórn fagnar frumkvæði forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Djúpavogs en telur mikilvægt að allar umsóknir í Fiskeldissjóð sem og aðra sjóði séu unnar tímanlega í samráði við heimastjórn og viðeigandi fastanefndir.

Samþykkt samhljóða.

3. 202106143 - Steinar 1, framkvæmdir, gamla kirkjan á Djúpavogi

Rúnar Matthíasson, verkefnastjóri framkvæmda, fer yfir stöðu mála í Steinum 1 (Gömlu kirkjunni).

Umhverfis- og framkvæmdaráð fól heimastjórn Djúpavogs að taka ákvörðun um framtíðarnýtingu hússins.

Heimastjórn felur starfsmanni að útbúa auglýsingu í samræmi við umræður á fundinum þar sem auglýst er eftir áhugasömum aðilum um nýtingu og/eða rekstur í húsnæðinu.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Rúnar Matthíasson - 11:00

4. 202401014 - Samfélagsverkefni heimastjórna 2024

Heimastjórn fór yfir kostnaðarmat á nokkrum innsendum hugmyndum og fól starfsmanni að ganga frá kaupum á "aparólu" til uppsetningar á leiksvæðinu í



Blánni.

Samþykkt samhljóða.

5. 202403222 - Menningarstyrkur SSA til jaðarbyggða árið 2024

Sérstakt fjármagn er ætlað í menningarverkefni, svo kölluð jaðarverkefni á Djúpavogi og Vopnafirði í gegnum Sóknaráætlun Austurlands. Á hvoru svæði fyrir sig er áætlað árlega 500.000 kr. og sama upphæð á móti frá sveitarfélaginu.

Margar góðar menningartengdar hugmyndir voru sendar inn í tengslum við samfélagsverkefni heimastjórna.

Heimastjórn samþykkir að setja fjármagnið í tvö verkefni; Að breyta fjalli (700þ) og Minnimerki um sjómenn (300þ).

Starfsmanni falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

6. 202012171 - Björgunarmiðstöð á Djúpavogi

Farið yfir stöðu mála varðandi húsnæðismál slökkviliðs, þjónustumiðstöðvar, hafna og björgunarsveitar.

Heimastjórn telur mikilvægt að framtíðaruppbygging, skipulag og fjárfestingar á vegum sveitarfélagsins á Djúpavogi komi til umfjöllunar í heimastjórn áður en ákvarðanir eru teknar.

Heimastjórn felur starfsmanni að koma á fundi með hlutaðeigandi aðilum.

Samþykkt samhljóða.

7. 202103213 - Faktorshúsið Djúpavogi

Farið yfir stöðu mála í Faktorshúsinu.

Framkvæmdum miðar vel og reiknar leigutaki með því að opna í kringum sumardaginn fyrsta.

8. 202202045 - Íbúafundur Heimastjórnar Djúpavogs.

Íbúafundur heimastjórnar verður haldinn á Djúpavogi, fimmtudaginn 2. maí kl. 17:00 - 19:00.

Starfsmanni falið að staðsetja og auglýsa fundinn.

Samþykkt samhljóða.

9. 202110146 - Aðalskipulagsbreyting, Djúpivogur, Ný vegtenging, athafna- og hafnarvæði

Heimastjórn telur að skoða þurfi betur vegtengingar þjóðveggarins við þéttbýlið á Djúpavogi. Ný vegtenging til norðurs er til bóta en einnig þyrfti að skoða



vegtengingu til suðurs sem er ekki nógu örugg.
Einnig ætti að huga að mögulegum lóðum við þessar vegtengingar fyrir þjónustu sem gæti átt þar heima.

Samþykkt samhljóða.

10. 202304027 - Heilsársvegur um Öxi

Heimastjórn Djúpavogs beinir því til sveitarstjórnar að þess verði farið á leit við innviðaráðherra að taka vegaf framkvæmdir við Öxi af lista PPP verkefna og að ríkið fjármagni framkvæmdina. Mikilvægt er að framkvæmdir hefjist strax á næsta ári og gerist þess þörf þá verði verkefninu áfangaskipt þannig að hægt verði að ljúka því á að hámarki þremur árum.

Heimastjórn bendir á að Axarvegur sé sá vegkaflí á landinu sem fellur hvað best að markmiðum samgönguáætlunar um aukið öryggi, styttingu vegalengda, tengingu byggða og umhverfismál og því eðlilegt að fjármunum verði forgangsraðað í anda þess.

Samþykkt samhljóða

11. 202209244 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi

Víkurland: Búið er að grjótvörja ströndina og ganga frá. Nú á einungis eftir að leggja göngustíg, setja frárennslisrör á nokkrum stöðum og lýsingu.

Hitaveita: Borun gengur hægt og er núna í um 770 metrum. Hitamælingar hafa valdið vonbrigðum og ekki hefur tekist að skera þá vatnsæð sem stefnt var að.

Grunnskólinn: Langt komið með að klæða húsið að utan, næst eru þakkantar og einnig þarf að endurnýja þök á hluta af skólabyggingunni.

Borgarland: Fyrsta áfanga er lokið fyrir utan jöfnunarlag og malbik, verktaki gerir ráð fyrir að taka næsta áfanga þegar frost er farið úr jörðu.

12. 202010614 - Fundir Heimastjórnar Djúpavogs

Næsti reglulegi fundur heimastjórnar á Djúpavogi verður haldinn miðvikudaginn 8. maí nk kl. 10:00. Erindi fyrir fundinn þurfa að berast starfsmanni heimastjórnar fyrir kl. 16:00 föstudaginn 3. maí á netfangið eiður.ragnarsson@mulathing.is

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:25

